

**KRÖFULÝSING FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 10A,
STRANDASÝSLA ÁSAMT FYRRUM BÆJARHREPPI**

Efnisyfirlit

1.	ALMENN ATRÍÐI.....	2
2.	LANDSVÆÐI	2
2.1.	Afmörkun kröfusvæðis	2
2.2.	Sveitarfélög á kröfusvæðinu	3
3.	NÁNAR UM KRÖFUSVÆÐIÐ.....	3
3.1.	Heimildir um landnám í Strandasýslu og Hrútafirði.....	3
3.2.	Afréttarmál.....	5
4.	KRÖFUSVÆÐIÐ; HLOTI DRANGAJÖKULS, JARÐIR OG SVÆÐI SEM LIGGJA AÐ ÞVÍ	6
4.1.	Árneshreppur	7
4.2.	Fyrrum Nauteyrarhreppur	8
4.3.	Fyrrum Grunnavíkursveit	8
5.	KRÖFULÍNA OG RÖKSEMDIR FYRIR HENNI	8
5.1.	Árneshreppur	9
6.	DÓMSÚRLAUSNIR OG AÐRAR ÚRLAUSNIR ER VARÐA KRÖFUSVÆÐIÐ .	9
7.	KRÖFUGERÐ	9
8.	ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI	10

**KRÖFULÝSING FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 10A,
STRANDASÝSLA ÁSAMT FYRRUM BÆJARHREPPI**

1. ALMENN ATRIÐI

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 16. mars 2018, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 10A til meðferðar, Strandasýsla ásamt fyrrum Bæjarhreppi. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 14. september 2018.

Með bréfi óbyggðanefndar til Juris, dags. 20. ágúst 2018, var lýsingu kröfusvæðisins breytt á þann hátt að vesturmörk þess voru miðuð við mörk Strandasýslu en ekki mörk sveitarfélagsins Strandabyggðar svo sem áður hafði verið ákveðið.

Með bréfi óbyggðanefndar dags. 11. september 2018, til Juris, var fallist á að frestur til að skila kröfulýsingu yrði framlengdur til 5. október 2018.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirvarsmaður: Lögmenn íslenska ríkisins í máli þessu eru Andri Árnason, kt. 121257-3869, Edda Björk Andradóttir, kt. 280676-5199, edda@juris.is, og Indriði Þorkelsson, kt. 020257-5049, indridi@juris.is, Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

2. LANDSVÆÐI

2.1. Afmörkun kröfusvæðis

Kröfusvæðið afmarkast svo, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 20. ágúst 2018:

Austurmörk fyrrum Bæjarhrepps ráða austurmörkum svæðisins frá botni Hrutafjarðar til suðurs þar til komið er að mörkum fyrrum Bæjarhrepps gagnvart Borgarbyggð. Þaðan er þeim sveitarfélagamörkum fylgt til norðvesturs þar til komið er að austurmörkum Dalabyggðar. Þaðan er vesturmörkum fyrrum

Bæjarhrepps fylgt til norðurs þar til komið er að mörkum hans gagnvart Strandabyggð, en sá punktur er jafnframt á sýslumörkum milli Strandasýslu og Dalasýslu. Þaðan er suður- og síðar vestur- og loks norðvesturmörkum Strandasýslu fylgt allt þar til komið er að hafi við Geirólfsnúp milli Skjaldabjarnarvíkur og Reykjafjarðar. Að austanverðu afmarkast svæðið af hafi.

2.2. Sveitarfélög á kröfussvæðinu

Á kröfussvæðinu eru eftirfarandi sveitarfélög: Strandabyggð, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og hluti Húnaþings vestra, þ.e. fyrrum Bæjarhreppur.

Strandabyggð varð til í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna árið 2006 við sameiningu Hólmavíkurhrepps og Broddaneshrepps. Stærsti þéttbýliskjarninn er Hólmavík. Í sveitarfélaginu bjuggu 468 manns 1. janúar 2017.

Árneshreppur, er nyrsta sveitarfélagið í Strandasýslu. Þar bjuggu 46 manns 1. janúar 2017.

Kaldrananeshreppur, nær frá Selá í Steingrímsfirði að sunnan, að Spena norðan við Kaldbaksvík. Þar er þorpið Drangsnes. Í hreppnum bjuggu 106 manns 1. janúar 2017.

Fyrrum Bæjarhreppur. Hreppurinn sem liggur í vestanverðum Hrútafirði, sameinaðist Húnaþingi vestra, hinn 1. janúar 2012. Fyrir sameininguna, bjuggu þar um 100 manns (2010).

3. NÁNAR UM KRÖFUSVÆÐIÐ

3.1. Heimildir um landnám í Strandasýslu og Hrútafirði

Í Landnámu er getið nokkurra landnámsmanna, sem numu lönd á Ströndum og í Hrútafirði.

„Hella-Björn son Herfinns og Höllu var víkingr mikill; hann var jafnan óvinur Haralds konungs. Hann fór til Íslands ok kom í Bjarnarfjörð með alskjölduðu skipi; síðan var hann Skjalda-Björn kallaðr. Hann nam land frá Straumnesi til Dranga, ok í Skjalda-Bjarnarvík bjó hann, en átti annat bú á Bjarnarnesi; þar sér miklar skálatóptir hans.“¹

„Geirólfr hér maðr, er braut skip sitt við Geirólfsnúp; hann bjó þar síðan undir gnúpinum at ráði Bjarnar.“²

¹ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenska fornritafélag. 1968, bls. 197.

² Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenska fornritafélag. 1968, bls. 197.

„Þorvaldr Ásvaldsson, Úlfssonar, Yxna-Þórissonar, nam Drangaland ok Drangavík til Enginess ok bjó at Dröngum alla ævi. Hans son var Eiríkr rauði, er bygðði Grænland, sem fyrr segir.“³

„Herröðr hvítaský var göfugr maðr; hann var drepinn af ráðum Haralds konungs, en synir hans þrír fóru til Íslands ok námu land á Ströndum: Eyvindr Eyvindarfjörð, Ófeigr Ófeigsfjörð, Ingólfr Ingólfsfjörð; þeir bjoggu þar síðan.“⁴

„Eiríkr snara hét maðr, er land nam frá Ingólfsfirði til Veiðilausu ok bjó í Trékyllisvík: [...]“⁵

„Önundr tréfótr son Ófeigs burlufótar, Ívarssonar beytils, Önundr var í móti Haraldi konungi í Hafrsfirði ok lét þar fót sinn. Eptir þat fór hann til Íslands ok nam land frá Kleifum til Ófæru, Kaldsbaksvík, Kolbeinsvík, Byrgisvík, ok bjó í Kaldbak til elli.“⁶

„Björn hét maðr, er nam Bjarnarfjörð; hann átti Ljúfu; þeira son var Svanr, er bjó á Svanshóli.“⁷

„Steingrímur nam Steingrímsfjörð allan ok bjó í Tröllatungu.“⁸

„Kolli hét maðr, er nam Kollafjörðr og Kriðinsenni ok bjó undir Felli, meðan hann lifði.“⁹

„Þorbjörn bitra hét maðr; hann var víkingr ok illmenni. Hann fór til Íslands með skuldalið sitt; hann nam fjörð þann, er nú beitir Bitra, ok bjó þar. Nokkuru síðar braut Guðlaugr bróðir Gils skeiðarnefs skip sitt þar út við höfða þann, er nú heitir Guðlaugshöfði. [...] Við Guðlaug er kennd Guðlaugsvík.“¹⁰

„Bálki hét maðr Blæingsson, Sótasonar af Sótanesi; hann var á mót Haraldi konungi í Hafrsfirði. Eptir þat fór hann til Íslands ok nam Hrutafjörð allan; hann bjó á Bálkastöðum hvárumtveggjum, en síðast í Bæ ok dó þar. Hans son var Bersi goðlauss, er fyrst bjó á Bersastöðum í Hrutafirði [...]“¹¹

³ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 197.

⁴ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 197-8.

⁵ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 198.

⁶ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 198.

⁷ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 199.

⁸ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 199.

⁹ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 199.

¹⁰ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 200.

¹¹ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 200.

„Arndís en auðga, dóttir Steinólfs ens lága, nam síðan land í Hrútafirði út frá Borðeyri; hon bjó í Bæ.“¹²

„Pröstr og Grenjuðr synir Hermundar hokins námu land í Hrútafirði inn frá Borðeyri ok bjoggu at Melum.“¹³

3.2. Afréttarmál

Í Sóknalýsingum Vestfjarða II (Ísafjarðar- og Strandasýslur) kemur m.a. eftirfarandi fram um afréttarmál í sýslunni.

Í lýsingu síra Sigurðar Gíslasonar fyrir Árnessókn segir eftirfarandi um afréttarlönd, upprekstur o.fl.:

„Hér eru engin afréttarlönd þau, er séu almenningur. Heldur liggja þau undir einstaka jarðar. Þau eru hér: Krossnesfjall, og er þangað rekið geldfé af mörgum bæjum í norðurhluta sveitarinnar. Þar er rétt á Krossnesi. Á Seljanesfjall er rekið frá fáeinum bæjum og er þar réttar í Ófeigsfirði. Hið mesta afréttarland er Reykjarfjarðarfjall, og liggur það undir Reykjarfjörð, og er réttað þar. Svo er líka rekið á Kjörvogshlíð, sem að liggur undir Kjörvog, og er hlíð þessi norðanvert með Reykjarfirði. Réttin er á Kjörvogi. Úr öðrum sveitum rekur hingað enginn. Hér í sveit eru alls staðar haldnar réttir mánudaginn í 22. viku sumars, annars eru afréttarlöndin hér ekki annað en búfjárhagar.“¹⁴

Í lýsingu síra Sigurðar Gíslasonar fyrir Kaldrananessókn segir eftirfarandi um afréttarlönd, upprekstur o.fl.:

„Ekkert afréttarland er í sveitinni, utan á Selárdal, hvert fáir hafa rekið síðan fé tók að fækka.“¹⁵

Í Jarðabók segir m.a. um Stað:

„Þar á Selárdal hefur verið brúkaður lamba upprekstur, og hefur ábúandinn tekið lambatolla, en beneficiator öngva.“¹⁶

Í lýsingu síra Björns Hjálmarssonar fyrir Tröllatungu- og Fellsóknir segir eftirfarandi um afréttarlönd, upprekstur o.fl.:

¹² Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenska fornritafélag. 1968, bls. 201.

¹³ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenska fornritafélag. 1968, bls. 201.

¹⁴ Sóknalýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. 1952, bls. 229.

¹⁵ Sóknalýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. 1952, bls. 248.

¹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðar- og Strandasýsla (VII. bindi), bls. 385.

„Upprekstur er nú hafður í Mókolls- og Steinadal, úr Fellss[ók]n, en í Tungu- og Arnkötludal sumstaðar úr Tungusókn, sumstaðar ekki rekið. Réttað er á þessum dalbæjum í 21. viku sumars. Engin er hér lögleg afrétt, því svo stutt er á millum byggða, að sunnan og norðanverðu.“¹⁷

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Tind:

„Lambaupprekstur hefur þar áður verið a Hallruna, nú er hann í mörg ár aldeilis aflagður. Fjallatollur hefur verið i lamb af xx lömbum, og tók það ábúandi.“¹⁸

Í lýsingu síra Búa Jónssonar fyrir Prestbakka- og Óspakseyrarsóknir segir eftirfarandi um afréttarlönd, upprekstur o.fl.:

„Afréttur er á Melafjalli, sem kallaður er lögskipaður fyrir nokkra búendur, sem þar næstir eru. Á þann afrétt reka ekki margir. Á þeim bæ er og kölluð lögrétt, í hverri er réttað er á haustnóttum. Hinir reka fé sitt á fjöll, upp frá sínu landi, en draga því næst í sundur, þegar sótt er á haustum, þar sem hentugast þykir.“¹⁹

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Brunngil:

„Góð beit og víðlend á sumar. Þar hefur fyrrum verið brúkaður lambaupprekstur úr sveitinni, jafnvel sumstaðar úr nálægt liggjandi sveitum, en var þó ei lögafrejt. Var almennilegast goldið í fjallatoll i lamb af xx eða þess virði, stundum minna. Er nú í mörg ár aflagður, kann og ei vel að brúkast vegna búmissis á heimapeningi.“²⁰

Þó framangreindar heimildir geti þess að sameiginlegur upprekstur hafi verið á vissum svæðum, leiddi athugun íslenska ríkisins til þess að tilgreind svæði séu öll innan landamerkja jarða, án þess að vera sérstaklega aðgreind í bréfunum.

4. KRÖFUSVÆÐIÐ; HLUTI DRANGAJÖKULS, JARÐIR OG SVÆÐI SEM LIGGJA AÐ ÞVÍ

4.1. Árneshreppur

i. Skjaldarbjarnarvík í Árneshreppi, (aðliggjandi)

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Skjaldarbjarnarvík í Árneshreppi, nr. 97, dags. 2. júlí 1890, þinglesið sama dag, segir m.a. svo um landamerki:

¹⁷ Sóknalýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. 1952, bls. 267.

¹⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðar- og Strandasýsla (VII. bindi), bls. 404.

¹⁹ Sóknalýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. 1952, bls. 267.

²⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðar- og Strandasýsla (VII. bindi), bls. 432.

„Jörðin á land og reka norður í klett þann sem er norðan til við Geirhólmagnúp og kallaður er Biskup, að sunnan verðu á jörðin land og reka að Bjarnafjarðará og eru þar skír landamerki milli Skjaldabjarnarvík og Dranga.“

ii. *Drangar í Árneshreppi, (aðliggjandi)*

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Dranga í Árneshreppi, nr. 95, dags. 24. maí 1890, þinglesið 2. júlí 1890, segir m.a. svo um landamerki:

„Land jarðarinnar að norðanverðu við bæjinn er norður að Bjarnafjarðará og eru þar skír landamerki milli Skjaldabjarnarvíkur og Dranga. Að sunnanverðu við bæjinn eiga Drangar land yst út í Drangatanga nfl. sjónhendingu af lægsta Skarðatindinum í vörðu þá, sem er á klettinum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eptir þeirri línu til sjóar. Til fjalls á jörðin land svo langt sem vötnum hallar að láglendi hennar.“

iii. *Engjanes í Árneshreppi, (aðliggjandi)*

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Engjanes í Árneshreppi, nr. 94, dags. 2. júlí 1890, þinglesið sama dag, segir m.a. svo um landamerki:

„Hornmark milli Engjanes og Drangavíkur er Þrælskleif, þaðan beint til fjalls, svo eptir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará en hún ræður merkjum til sjóar milli Engjaness og Ófeigsfjarðar, [...]“

4.2. Fyrrum Nauteyrarhreppur, nú Strandabyggð

iv. *Skjaldfönn í fyrrum Nauteyrarhreppi, nú Strandabyggð, (aðliggjandi)*

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir jörðina Skjaldfönn né upplýsingar um jörðina í jarðaskjölum Ísafjarðarsýslu.

4.3. Fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbær

v. *Sæból í fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbær, (aðliggjandi)*

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Sæból í Grunnavíkursveit, nr. 227, dags. 8. janúar 1892, þinglesið 6. september 1892, segir m.a. svo um landamerki:

„Milli Reykjarfjarðar og Sæbóls skilur á, sem rennur frá fjalli til fjöru. Að austanverðu skilur Sæbóls og Skjaldabjarnarvíkurland, klettur, sem er nefndur Biskup, og stendur undir Geirólfsгнуði.“

5. KRÖFULÍNA OG RÖKSEMDIR FYRIR HENNI

5.1. Árneshreppur

5.1.1. Almennt

Í eftirfarandi umfjöllun um þjóðlendukröfulínur íslenska ríkisins er vikið stuttlega að helstu heimildum er styðja afmörkun þjóðlendukröfulína og sjónarmið er búa að baki þeirri afstöðu íslenska ríkisins að um svæði utan eignarlanda sé að ræða. Vísast hér að öðru leyti til umfjöllunar 3. og 4. kafla hér að framan, þar sem frekari heimilda er getið, þ.á m. um landnám á svæðinu. Eftirfarandi umfjöllun byggir á þeim heimildum er liggja fyrir við gerð kröfulýsingarinnar og ber því ekki að líta svo á að um sé að ræða tæmandi umfjöllun eða rökstuðning fyrir kröfugerð íslenska ríkisins.

5.1.2. Hluti Drangajökuls

5.1.2.1. Þjóðlendukröfulína

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að sá hluti Drangajökuls, sem er innan Árneshrepps og innan marka kröfulýsingarsvæðis 10A, , sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er við Hrollleifsborg (1), og er miðað við að hann sé við jökuljaðar og á sýslumörkum, sveitafélagamörkum og merkjum jarðanna Skjaldabjarnarvíkur í Árneshreppi og Sæbóls í Reykjarfirði, fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbæ. Þaðan er jökuljaðri Drangajökuls fylgt suður uns komið er að þeim stað, punktur (2), sem er á sýslumörkum Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu. Þaðan er farið norður eftir sýslumörkum og sveitafélagamörkum sem jafnframt eru mörk kröfulýsingarsvæðis og svo til norð-austurs, eftir sömu mörkum að Hrollleifsborg, sem er upphafspunktur.

5.1.2.2. Afmörkun þjóðlendukröfulínu

Að þeim hluta Drangajökuls sem íslenska ríkið gerir þjóðlendukröfu í, liggja eftirfarandi jarðir; Sæból í Reykjarfirði, fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísajarðarbær, Skjaldabjarnarvík, Drangar og Engjanes, allar í Árneshreppi og jörðin Skjaldfönn í fyrrum Nauteyrarhreppi, nú Strandabyggð. Engin þessara jarða lýsir merkjum sérstaklega til jökuls eða jökulbrúnar en þess skal þó getið að landamerkjabréf hefur ekki fundist fyrir jörðina Skjaldfönn. Frá upphafspunkti er kröfulínan afmörkuð eftir jökuljaðrinum og er miðað við hann eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998.

5.1.2.3. Svæði utan eignarlanda – röksemdir fyrir kröfulínu

Þau atriði sem einkum er litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á kröfusvæði 10a eru heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, og önnur atriði svo sem nánar verður greint frá hér á eftir.

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að það svæði sem er innan Þjóðlendukröfulínu, Drangajökull, teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Krafa þessi er byggð á því að jöklar teljist almennt til svæða utan eignarlanda, og er þá vísað til almennra athugasemda er fylgdu frumvarpi til Þjóðlendulaga, sem og til kafla 4.6. í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Hvergi mun þess vera getið í landnámslýsingum að menn hafi numið jökla til eignar eða afnota. Hefur eignarréttarleg staða jökla ekki sérstaklega verið til umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Hefur verið litið svo á að jöklar séu dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýtt af, eða landalmenningur skv. síðari tíma flokkun.

Ekki verður séð af lýsingum í Landnámu að jökullinn hafi verið innan landnáms. Þess er a.m.k. ekki getið. Að kröfusvæðinu liggja jarðir sem lýsa í örnefni við jökulbrún. Má þannig ráða af heimildum að Þjóðlendukröfusvæðið liggi utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalyýsinga aðliggjandi svæða. Af sömu heimildum er og ljóst að slík aðliggjandi svæði telja ekki til beinna eignarréttinda yfir Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins. Vísast hér nánar til fyrrgreinds rökstuðnings fyrir Þjóðlendukröfulínu.

Að kröfusvæðinu liggja jarðir. Má þannig ráða af heimildum að Þjóðlendukröfusvæðið liggi utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalyýsinga aðliggjandi svæða. Af sömu heimildum er og ljóst að slík aðliggjandi svæði telja ekki til beinna eignarréttinda yfir Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins. Vísast hér nánar til fyrrgreinds rökstuðnings fyrir Þjóðlendukröfulínu.

Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í Þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

6. DÓMSÚRLAUSNIR OG AÐRAR ÚRLAUSNIR ER VARÐA KRÖFUSVÆÐIÐ

Ekki hafa fundist neinir dómar er varða kröfusvæðið.

7. KRÖFUGERÐ

7.1. Hluti Drangajökuls

Upphafspunktur er við Hrollleifsborg (1), og er miðað við að hann sé við jökuljaðar og á sýslumörkum, sveitafélagamörkum og merkjum jarðanna Skjaldabjarnarvíkur í Árneshreppi og Sæbóls í Reykjarfirði, fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbæ. Þaðan er jökuljaðri Drangajökuls fylgt suður uns komið er að þeim stað, punktur (2),

sem er á sýslumörkum Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu. Þaðan er farið norður eftir sýslumörkum og sveitafélagamörkum sem jafnframt eru mörk kröfúlýsingarsvæðis og svo til norð-austurs, eftir sömu mörkum að Hrollleifsborg, sem er upphafspunktur.

8. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfúlínum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, eftir atvikum með því að færa inn á kröfukort nýja punkta í samræmi við örnefni, svo og til að gera breytingar á kröfúlínum á einstökum svæðum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð.

Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalyýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins í kröfugerð, að séu í samræmi við þjóðlendukröfúlínur, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 5. október 2018,

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins,

Edda Andrad.

Edda Björk Andradóttir, lögmaður

Meðfylgjandi:

- kröfukort, svæði 10A
- fylgigögn, sbr. fskj. lista

Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík